

Auglýsing.

1
23. jan.

Með því að 2. þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu prófastur Jens Pálsson, 1. þingmaður Suður-Múlasýslu Jón Jónsson frá Múla og þingmaður Barðstrendinga Björn Jónsson eru látnir, er hjermeð samkvæmt 54. gr. laga nr. 18, 3. október 1903, um kosningar til alþingis, fyrirskipað, að kosningar skuli fram fara þriðju-daginn 13. maí næstkomandi á alþingismönnum í stað hinna látnu þingmanna, fyrir þann tíma, er þeir áttu eftir.

Þetta er hjermeð birt öllum hlutaðeigendum, og er jafnframt lagt fyrir hlutaðeigandi yfirkjörstjórnir að undirbúa kosningar þessar, og sjá um, að þær fari fram samkvæmt fyrirmælum kosningalaganna.

Í stjórnarráði Íslands, 23. janúar 1913.

H. Hafstein.

Eggert Briem.